

# AIC - ÍSLAND/ICELAND

Flugmálastjórn Íslands, Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík /  
Icelandic Civil Aviation Administration, Reykjavik Airport, IS-101 Reykjavik, Iceland  
Sími/Telephone: + 354 569 4100 - Fax/Telefax: + 354 562 3619  
Netfang/E-mail: fms@caa.is - Veffang/Internet address: http://www.caa.is

AIC  
B 06 / 2004

10 JUN 2004

ICELANDIC



ENGLISH

## Skoðanir mæli-, fjarskipta og flugleiðsögutækja loftfara

### 1. Loftför, önnur en þau sem notuð eru í flugrekstri

- a. Loftför sem notuð eru til nætur og/eða blindflugs skulu hafa fjarskipta- og leiðsögubúnað prófaðan ásamt hraða- og hæðarmælum á a.m.k. 24 mánaða fresti.
- b. Mælt er með að hraða- og hæðarmælar loftfara sem eingöngu eru notuð til sjónflugs og takmarkaðs næturflugs, séu prófaðir á a.m.k. 24 mánaða fresti.
- c. Ratsjárvara (ATC Transponder) skal prófa á a.m.k. 24 mánaða fresti.
- d. Seguláttavita svo og fjarstýrða áttavita skal stilla (compass swing) ef grunur leikur á að þeir sýni ekki rétt, svo og eftir viðhaldsvinnu eða breytingar, sem gætu leitt af sér skekkjur í áttavita. Önnur mælitæki skal prófa ef grunur leikur á að þau vinni ekki rétt.
- e. Hvort sem mælitækin eru prófuð í loftfarinu eða á verkstæði, skal nota til þess viðurkenndan prófunarbúnað sem reglulega er borinn saman við viðurkenndan grunnstaðal. Flugvélatæknir sem framkvæmir prófun á hraða- og hæðarmælum skal hafa hlotið til þess, sérstaka þjálfun. Ef mælitæki stenst ekki prófun, telst það ólofthæft og skal það þá fært á viðurkennt mælitækjaverkstæði, til viðgerðar. Stilling á hraða- og hæðarmælum skal fara fram á viðurkenndu mælitækjaverkstæði.
- f. „Pilot/static“ kerfið skal lekaprófa ef leiðslum hefur verið raskað.

### 2. Loftför sem notuð eru í flugrekstri

Mæli-, fjarskipta og flugleiðsögutæki loftfara í atvinnuflugi skulu prófuð samkvæmt viðurkenndri viðhaldsáætlun.

**Reglur þessar öðlast gildi nú þegar.**

#### FLUGÖRYGGISVIÐ

AIC upplýsingabréf B-0003 dagsett 28. apríl 1994 er hér með fellt úr gildi.

This AIC is only issued in Icelandic

THIS PAGE INTENTIONALLY LEFT BLANK